

Forvarnaráætlun Fjarðabyggðar

Formáli:

Með áætlun þessari leggur bæjarstjórn Fjarðabyggðar áherslu á að unnið verði markvisst að forvörnum í sveitarfélaginu. Áætlunin tekur til starfsemi stofnana sveitarfélagsins og yfirvalda sem og stofn-ana og félaga sem ekki eru á forræði sveitarfélagsins. Afar mikilvægt er að markvisst og góð samvinna sé meðal þeirra sem vinna að forvörnum svo stuðlað verði að betra og heilbrigðara mannlífi í sveitarfélaginu.

Markmiðin með forvörnum eru:

- Að draga úr neyslu á hvers kyns vímuefnum og tóbaki.
- Að auka markvisst forvarnarstarf í sveitarfélaginu með auknu samstarfi milli þeirra aðila sem að starfinu koma og aukinni fræðslu.
- Að vímuvarnir verði fastur þáttur í starfsemi félaga, fyrirtækja og stofnana sem hafa með málefni barna og ungmenna að gera í sveitarfélaginu.
- Að virkja sem flesta í sveitarfélaginu til að starfa að forvörnum.

Framkvæmd áætlunarinnar:

Fyrir hönd bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ber félagsmálanefnd ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Starfsmenn félagsmálanefndar sjá um að halda utan um starfsemi forvarnahóps sem í sitja fulltrúar frá lögreglu, heilsugæslu, grunnskólum, foreldrafélögum grunnskólanna, Verkmenntaskóla Austurlands, kirkjunni, vinnuskólanum, félagsmiðstöðvunum auk æskulyös- og íþróttafulltrúa. Forvarnahópurinn fundar mánaðarlega og skilar skýrslu árlega. Þá skila þeir sem eiga aðild að forvarnaáætluninni skýrslu í júní ár hvert þar sem metið er hversu vel tókst að framfylgja áætluninni. Starfsmenn félagsmálanefndar munu hafa umsjón með þessu starfi. Starfsmenn félagsmálanefndar munu annast kynningu á forvarnaáætluninni fyrir íbúum Fjarðabyggðar. Forvarnaáætlunin er birt í heild sinni á síðinni Fjarðabyggd.is og eru íbúar sveitarfélagsins hvattir til þess að kynna sér hana. Í tilefni af samþykkt forvarnaáætlunarinnar ætla Rauða kross deildirnar í Fjarðabyggð að færa börnum í fermingararganginum bókina Fíkniefni og for-varnir að gjöf, ekki einungis á þessu ári heldur einnig næstu fimm árin. Forvarnaáætlunin var tekin til umræðu hjá félagsmálanefnd Fjarðabyggðar ar þann 27.11.01, 15.01.02. og 12.02.02. Hún var tekin fyrir á fundi bæjar-stjórnar Fjarðabyggðar þann 24.01.02 og samþykkt þann 21.02.02.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar

Félagsmiðstöðvarnar Atom, Knellan og Zveskjan:

Markmið:

- Að gera starfsfólk, þjálfara og aðra leiðbeinendur barna og ungmenna betur meðvitaða um vímuvarnir.
- Að setja reglur um viðurlög við hvers konar vímuefnanotkun þátttakenda og starfsmanna í starfi á vegum Fjarðabyggðar.
- Að vinna að aukinni þátttöku 16 - 18 ára ungmenna í skipulögðu æskulyösstarfi.
- Að vinna að fræðslu um vímuvarnir.
- Að efla þátttöku foreldra í skipulögðu æskulyösstarfi.

Framkvæmd:

- Boðið verður upp á námskeið um vímuvarnir í samráði við frjáls félagasamtök fyrir starfsfólk, þjálfara og aðra leiðbeinendur.
- Gerðar skulu skriflegar reglur um bann við hvers konar vímuefnanotkun í öllu starfi skipulögðu af starfsmönnum Fjarðabyggðar við æskulyös- og íþróttamál. Skulu þessar reglur kynntar og hengdar upp á áberandi stöðum.
- Unglingum á aldrinum 16 - 18 ára verði boðið til undirbúningsfunda um opnun og skipulag starfsemi ætlaða þessum aldurshópum. Æskulyösmiðstöðvarnar verði opnaðar fyrir þennan aldurshóp sérstaklega eða með öðrum höpnum.
- Staðið verði fyrir fræðslufundi (jafningjafræðslu) þar sem ungmenni ræða vímuefnanotkun.
- Leiðað verði eftir samstarfi við félagsmiðstöðvar SAMAUST og/eða SAMFES um fræðsluefni og framkvæmd forvarnafræðslu.
- Samkomur, mót eða kynningar verði skipulagðar þar sem foreldrum verði boðið sérstaklega að taka þátt og kynna sér starf barna og unglinga í félagsmiðstöðvunum.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar

Félagsþjónustan:

Markmið:

- Að sameina krafta allra þeirra sem starfa að forvarnamálum í sveitarfélaginu en það eru m.a. lögreglan, heilsugæslan, kirkjan, skólarnir, æskulyös- og íþróttafulltrúi, félagsmiðstöðvarnar, íþróttafélagin, vinnuskólinn og ýmis félagasamtök.
- Að stuðla að fræðslu um forvarnir sem viðast í samfélaginu s.s. í skólum, félagsmiðstöðvum og á vinnustöðum.
- Að efla og styrkja fjölskylduna með því að stuðla að fræðslu um upplidsmál.
- Að veita foreldrum í vanda stuðning og aðstoð við að finna úrræði við hæfi.
- Að hvetja stofnanir og félagasamtök til þess að skilgreina hlutverk sitt og setja sér markmið í forvarnamálum.

Framkvæmd:

- Að kalla saman þá aðila sem starfa í stýrihópi um forvarnir í sveitarfélaginu til fundar a.m.k einu sinni í mánuði og stjórna þeim fundum.
- Að gera á nokkurra ára fresti könnun á lífsháttum ungmenna í Fjarðabyggð og gera samanburð á milli ára.
- Að standa fyrir opnum fundum og fræðslufyrirlesturum fyrir almenning um forvarnamál.
- Að vera í samstarfi við lögreglu og skóla um heimsökunir aðila sem starfa að forvörnum.
- Að vera í samstarfi við samtök eins og Ísland án eiturlyfja, Áfengis- og vímuvarnarráð, Fræðslumiðstöð um vímuvarnir, Heimili og skóla og SÁÁ.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar

Grunnskólarnir:

Markmið:

- Að styrkja sjálfmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingum.
- Að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun.
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og gildi hollra lífshátta.
- Að gunnskólarnir verði vímuefnalausir, nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Að eiga öflugt samstarf við foreldra, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.

Framkvæmd:

- Reglulegir fundir forvarnarráðs, nemendaverndarráðs og eineltisteyma þar sem fylgt er eftir áætlun skólans í forvörnum.
- Fastir tímar hjúkrunarfræðings í skólum, þar sem m.a. allir nemendur frá 7. - 10. bekk eru boðaðir í einstaklingsviðtöl.
- Kennsla í lífsleikni styrkt m.a. með námskeiðum kennara á og/eða utan skólatíma og með útvegun bestu námsgagna.
- Reglusemi, útvíst ungmenna og vímuefnalaus grunnskóli verði ætíð rædd á kynningarfundum umsjónarkennara og foreldra að hausti.
- Fylgja fast eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna í skóla, á skólalöð og í skóla-ferðalögum.
- Bjóða árlega upp á fræðslu fyrir foreldra í samráði við foreldrafélag, félagsmiðstöðvar, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu.
- Aðstoða nemendaráð skólanna við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver með öðrum án þess að vímuefni komi við sögu.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar

Foreldrafélag grunnskólanna:

Markmið:

- Að foreldrafélagin verði virkari í samstarfi við skólana og aðra sem hafa með börn og unglinga að gera.
- Að taka þátt í verkefnum „Fyrirmyndarforeldrar“ á vegum landssamtakanna Heimili og skóli.
- Að efla samvinnu foreldrafélaganna í Fjarðabyggð.
- Að foreldrafélagin beiti sér fyrir því að þeir aðilar sem selja tóbak, reka söfnunarkassa og leigja myndbandsspólar fari eftir þeim reglum sem gilda um starfsemi.

Framkvæmd:

- Notaðar verði upplýsingar um vímuefni frá landsamtökunum Heimili og skóli til þess að kynna fyrir foreldrum og auka samstöðu meðal þeirra. Haldinn verði fundur í upphafi hvers skólaárs til þess að kynna foreldrasamninginn.
- Stjórnir foreldrafélaganna skipuleggi fundi með lögreglu og foreldrum í upphafi hvers skólaárs þar sem kynntar verða og ræddar útvistarreglur. Auk þess verði farið yfir ástandið í vímuefnamálum í sveitarfélaginu.
- Stjórnir foreldrafélaganna í Fjarðabyggð hittist tvisvar á vetri og miðli upplýsingum, hugmyndum og fróðleik sin á milli.
- Fulltrúar úr stjórn foreldrafélaganna munu reglulega heimsækja verlanir, sjóppur og myndbandaleigur í Fjarðabyggð og athuga hvort farið sé að lögum um sölu tóbaks, rekstur spilakassa og útleigu á myndbandum.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar

Heilsugæslustöðvar:

Markmið:

- Að stuðla að aukinni fræðslu og ráðgjöf til fjölskyldna um vimefni og skaðsemi þeirra.
- Að stuðla að eftirliti og fræðslu til nemenda í grunnskólum.
- Að stuðla að samvinnu við foreldra og aðra samstarfsaðila vegna einstaklinga sem eru í áhættuhöpi eða eiga við vimefnavanda að stríða.
- Að stuðla að stuðningi og fræðslu til nemenda í 9. og 10. bekk grunnskólanna um reykingar, afengi og vimefni.
- Að stuðla að samvinnu við þá sem sjá um starfsemi íþróttafélaganna með fræðslu og ráðgjöf.

Framkvæmd:

- Hjúkrunarfræðingur fer einu sinni á viku í hvern skóla og sér þar um eftirlit og fræðslu til nemenda.
- Skólahjúkrunarfræðingur tekur einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla.
- Heilsugæslan eykur samvinnu við íþróttafélagin og samtök sem starfa með ungu fólki.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar
Ungmenna- og íþróttafélag:

Markmið:

- Að banna notkun hvers konar vimegjafa á æfingum, keppnisferðum og öðrum atburðum sem fram fara á vegum félaganna.
- Að standa fyrir íþróttamótum eða samkomum sem tileinkaðar eru vimevörnum.
- Að auka fræðslu um vimevarnir til þjálfara og leiðbeinenda.

Framkvæmd:

- Setja í reglur félags bann við notkun vimefna. Þær kynntar og viðeigandi merkingar settar upp. Þetta bann gildi jafnt fyrir keppendur, þjálfara og fararstjóra og á einnig við um æfinga- og keppnissvæðin.
- Halda íþróttamót tileinkað vimevörnum, t.d. með slagorðinu "Íþrótt gegn vimu". Ekki væri endilega um ný mót að ræða heldur gætu mót sem þegar er hefð fyrir borið þess yfirskrift í samráði við mótshaldara sem hugsanlega vildu gera meira úr mótinu.
- Taka þátt í undirbúningi námskeiðs fyrir þjálfara og leiðbeinendur um vimevarnir í samráði við æskulyðs- og íþróttafulltrúa.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar
Kirkjan:

Markmið:

- Að skapa í samfélaginu anda samhentrar fjölskyldu, þar sem hver og einn skiptir máli og finnur öryggi hið ytra sem innra.
- Að efla sjálfsmynd og sjálfsstraust einstaklinga, sem laðar fram það besta í fari þeirra.
- Að efla sjöferðiskennd, vitund og þroska einstaklinga og samfélags.
- Að efla og hvetja fólk til að vera öðrum jákvæðar, góðar og traustar fyrir-myndir er sýna ábyrga afstöðu til náungans og samfélagsins.
- Að styrkja og efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og þeirri skuldbindingu sem þeir takast á hendur.
- Að innræta með einstaklingum og hópum mikilvægi náungakærleiks, að gæta bróður og systur og mega ekkert aumt sjá.
- Að áminna og tala um fyrir þeim sem augljóslega hafa leiðst afvega eða reyna að afvegaleiða aðra og benda á leiðir til úrlausna.
- Að efla með fólki kjark og áráði þegar illa horfir í málefnum náungans, að það sé reiðubúið að gripa inn í og taka af skarið.

Framkvæmd:

- Boða trú á Guð, sem ber umhyggju fyrir fólki, er kærleiksrikur og miskunnssamur.
- Boða trú á Jesú Krist, fyrirgefningu hans og upprisu til vonar og trúar og að í samfélaginu við hann hafi einstaklingurinn óþrjótandi möguleika á að njóta hæfileika sinna og hamingju.
- Boða þann mannskilning, að Guð liti á manninn sem sköpun sína, barnið, sem hann þráir og elskar skilyrðislaust, án þess að gera kröfur um verðleika.
- Boða bænalið og trúarsamfélag sem mikilvæg tæki til sjálfstyrkingar og til þess að efla sjálfsmynd.
- Kenna þau almennu gildi og viðmið, sem reynst hafa fólki og samfélagum oflugastar stoðir í mannlegum samskiptum.
- Koma boðskapnum á framfæri með helgihaldi: guðsþjónustum, sunnudagaskólum, öðrum athöfnum og samkomum.
- Koma boðskapnum á framfæri með öðrum hætti s.s.: skirnar- og hjónavagsluviðtölum, fermingarundirbúningi, fundum með börnum og ungmennum, námskeiðum fyrir börn og unglinga, mótum og með því að reka samarbuðir.
- Með því að prestur vitji þeirra sem erlitt eiga, veiti persónuleg viðtöl, sálusorgun, fyrirbætur og ýmis konar ráðgjöf við ungmenni, fjölskyldur og aðra aðila.
- Með því að prestur hafi eftir atvikum náð samband og samráð við fagaðila og aðra aðila í samfélaginu og utan, skjólstæðingum sínum til hjálpar.
- Með því að sinna mikilvægum þáttum í menningarmálum og viðburðum þeim tengdum.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar
Lögreglan:

Markmið:

- Að efla samstarf við foreldra um útivistarreglur. Mikilvægt að gefin verði skýr skilaboð um að útivistarreglur verði virtar.
- Að auka fræðslu um vimefnaotkun, einkenni vimefna og skaðsemi.
- Að lögreglan gefi skýr skilaboð um að neysla afengis undir lögaldri verði ekki liðin.
- Að bæta þekkingu á áhættuþáttum tengdum vimu og fíkniefnaneyslu.
- Að efla almenna andstöðu gegn neyslu vime- og fíkniefna.

Framkvæmd:

- Lögreglan sitji fundi með foreldrum grunnskólanna í upphafi hvers skólaárs, þar sem kynntar verði og ræddar útivistarreglur, m.a. hvaða tilgangur þær hafa.
- Lögreglan veiti aðstoð við fræðslu foreldra um vimefni í samráði við foreldrafélag grunnskólanna. Farið er yfir hvernig ástandið er á svæðinu, hvar vimefni eru notuð og hvernig og hvaða brotastarfermi er í umdæminu sem tengja má neyslu fíkniefna.
- Auka eftirlit með ungmennum og þeim svæðum þar sem þau safnast saman.
- Settar verði skýrar reglur milli lögreglu, félagsmálayfirvalda og foreldra um hvenær afskipti lögreglu leiði til tilkynningar.
- Herða eftirlit með sölu tobaks til barna undir 18 ára aldri í samvinnu við félagsmálayfirvöld.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar
Unglingadeildir björgunarsveitanna:

Markmið:

- Að koma í veg fyrir notkun hvers kyns vimegjafa í starfi unglíngadeildanna.
- Að auka fræðslu til umsjónarmanna og félagsmanna unglíngadeildanna.
- Að auka fræðslu um forvarnagildi útivistar og heilbrigðs lífnefns.
- Að efla sjálfsmynd og sjálfsstraust þeirra einstaklinga sem taka þátt í unglíngastarfinu.

Framkvæmd:

- Bann við notkun vimefna í ferðum, á æfingum og á fundum verður sett inn í reglur unglíngadeildanna.
- Umsjónarmönnum verður gert kleift að sækja forvarnanámskeið hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu.
- Áhersla verður lögð á vimevarnir á skyndihjálparnámskeiðum fyrir félagsmenn unglíngadeildanna.

Forvarnaáætlun Fjarðabyggðar
Vinnuskóli og skólagarðar:

Markmið:

- Að nemendur og starfsmenn skólagarða og Vinnuskóla Fjarðabyggðar verði reyklusir.
- Að samstarf milli Vinnuskóla, félagsmiðstöðva, grunnskóla, lögreglu og félagsþjónustu verði aukið.
- Að fræðsla og varnir gegn vimefnum verði hluti af starfsemi/námskrá skólanna.

Framkvæmd:

- Láta hag nemenda ávallt sitja í fyrirrúmi með réttlæti, réttisyni og sanngirni sem aðalverkfæri.
- Starfsáætlun og reglur Vinnuskólans verði sendar öllum nemendum og starfsmönnum áður en þeir hefja störf.
- Fræðsla um vimefni og eftirlit með neyslu verður markvisst aukið. Annað hvert ár verður leiðbeinendum gefinn kostur á að sækja námskeið um neyslu vimefna og forvarnir.
- Tengd verður saman fræðsla um vimefni, umhverfismál, tómstundaval, samskipti, ábyrgð, frumkvæði og vinnu.
- Lögð verður áhersla á mikilvægi leiðbeinenda sem fyrirmyndir.
- Þess verður gætt að öll mörk og allar reglur séu skýrt fram settar svo og viðurlög við brotum. Áhersla er lögð á upplýsingaskyldu til foreldra og forráðamanna við brot á reglum.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 21. febrúar 2002
og staðfest á fundi bæjarstjórnar 21. febrúar 2002
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri